

# Ferskí



KYNNINGARBLAÐ SKÍDAFÉLAGS ÍSAFJARÐAR



# Ferski

Málgagn Skíðafélags Ísafjarðar

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Eypór Einarsson.

Prentvinnsla:

H-prent ehf, Ísafirði.

Mars 1996



Stjórn:

Guðmundur R. Kristjánsson

Eypór Einarsson

Pétur Sigurðsson

Hulda Hafsteinsdóttir

Guðmundur Ágústsson

Eyrún Ingólfsdóttir

Alpagreinanefnd:

Eypór Einarsson, formaður

Göngunefnd:

Guðmundur Ágústsson, formaður

Unglinganefnd:

Arnór Jónatansson, formaður

# Mótaskrá 1996

## Alpagreinar

Dags.	Staður	Fullorðnir			15 - 16 ára			13 - 14 ára			9 - 12 ára		7 - 12 ára	Tegund móts
		Sv.	Stsv.	Rsv.	Sv.	Stsv.	Rsv.	Sv.	Stsv.	Rsv.	Sv.	Stsv.	Sv.	
10. - 11. feb.	Akureyri							1	1					Punktamót
17. - 18. feb.	Akureyri	1	1		1	1								Bikarmót
24. - 25. feb.	Ólafsfirði	2			2									Bikm. Punkt.m.
24. - 25. feb.	Ísafirði							1						Græneg. mót.
02. - 03. mar.	Ísafirði		2			2								Bikarmót
09. - 10. mar.	Ísafirði	1				1								Græneg. mót
09. - 10. mar.	Breiðab.							1	1					Bikarmót
16. - 17. mar.	Dalvík		2	1		2	1							Bik.m. Punkt.m.
16. - 17. mar.	Ísafirði							1	1		1	1		Vestfj.mót
23. - 24. mar.	Ísafirði	1				1		1					1	Vestfjm. Shellm.
29. - 01. apr.	Akureyri					1	1	1	1	1	1			Ungl.m.mót
05. apr.	Reykjavík			1										Skíðam. Íslands
06. apr.	Reykjavík	1												Skíðam. + FÍS
07. apr.	Reykjavík		1											Skíðam. + FÍS
14. apr.	Ísafirði													Firmakeppni SFÍ
20. - 21. apr.	Seyðisf.							1	1					Bikarmót
25. - 25. apr.	Akureyri										1	1	1	Andrés Önd

# NÚPUÆ

Skeiði • Ísafirði • Sími 456 3114

## Norraenargreinar

Dags.	Staður	Karlur	Konur	Piltar	Drengir	Drengir	Stúlkur	Tegund móts
				17 - 19	15 - 16	13 - 14		
20. - 21. jan.	Ísafjörður							
27. - 28. jan.	Ólafsfjörður	15H	5H	10H				Bikarmót
3. - 4. feb.	Ísafjörður							
10. - 11. feb.	Ísafjörður	15F	5F	10F	7,5F	5F	3,5F	Bikarmót
24. - 25. feb.	Siglufjörður	30H	7,5H	15H	10H	5H	3,5H	Bikarmót
2. - 3. mar.	Hólmavík	20H	20H					Ísl.g. / Strandag
9. - 10. mar.	Akureyri	15F	5F		7,5F	5F	3,5F	Bikarmót
23. - 24. mar.	Ísafjörður		Allir flokkar		Allir flokkar			Vestfjardamót
23. - 24. mar.	Siglufjörður	20H	20H					Ísl.g. / Hólsgr.
29. - 31.	Akureyri			5H	3,5H	2,5H		Ungl.m.mót
29. - 31.	Akureyri			7,5F	5F	3,5F		Ungl.m.mót
29. - 31.	Akureyri			Boðg.	Boðg.	Boðg.		Ungl.m.mót
4. - 7. apr.	Reykjavík	30F	7,5F	15F				Skíðamót Íslands
4. - 7. apr.	Reykjavík	15H	5H	10H				Skíðamót Íslands
4. - 7. apr.	Reykjavík	Boðganga		HHF				Skíðamót Íslands
13. - 14. apr.	Ísafjörður			12 ára og yngri				Shellmót
13. - 14. apr.	Nesjavellir	20H	20H					Lava Loppet
20. - 21. apr.	Akureyri	20H	20H					Ísl.g. / Lambag.
25. - 27. apr.	Akureyri							Andrés Önd
4. - 5. maí	Ísafjörður	20H	20H					Ísl./ Fossavg.

Heitasti staðurinn

í bænum

Karfa Ljós

Pottur

Tæki

Opið alla páskana

Við tökum vel á móti þér

Studio Dan  
Sími 456 4022

Nudd

Nýtt! Nýtt!

# Pasta hlaðborð

**Pastahlaðborð  
í hádeginu á  
fimmtudögum  
og föstudögum**

(allskonar pastaréttir,  
pizzur, salat og súpa)



Heimsendinga-  
síminn er 456 3367

## **Fjölbreyttur matseðill í hádeginu og á kvöldin**

**Heimabakaðar kökur  
með síðdegiskaffinu  
alla daga**

**Veitingar við allra hæfi**

**Verið velkomin**

*Hótel Ísafjarðar*  
Sími 456 4111

# Coca-Cola Coke

PHILIPS



BJÓÐUM FULLKOMNUSTU INTERNETÞJÓNUSTUNA!

## INTERNET

PPP - 50% FLEIRI MÓTÖLD EN SAMKEPPNISADILINN  
ÞJÓNUSTA Á STAÐNUM - VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

MÁNAÐARGJALD 1.800,- HÆKKAR Í 1.992,- 1. APRÍL

**SÉRTILBOÐ Á ÁSKRIFT GILDIR TIL 1. APRÍL**

INTERNETÁSKRIFT Á GAMLA VERÐINU TIL 1. ÁGÚST OG FRÍTT  
Í MARS EF KEYPT ER FYRIR 1. APRÍL - ÞÚ SPARAR 2.568,- KR.  
VERÐ FYRIR TÍMABILIÐ TIL 1. ÁGÚST 7.800,- KR. Í STAÐ 10.368,-

**MICRON**  
ELECTRONICS INC.

Munið skíðavíkusiðuna!  
<http://www.snerpa.is/vika96>



RADGREIÐSLUR

TÖLVUÞJÓNUSTAN  
**SNERPA**<sup>SF</sup>

SINDRAGÖTU 3 - 400 ÍSAFJÖRÐUR  
SÍMI 456-5470 - FAX 456-5471 - MÓTÖLD 456-5441

NETFANG SNERPA@SNERPA.IS - VEFÞJÓNN [HTTP://WWW.SNERPA.IS/](http://WWW.SNERPA.IS/)

Munið **daglegt** flug  
okkar innan Vestfjarða  
og til Reykjavíkur



**ÍSLANDSFLUG**

Ísafjörður sími 456 4150 • Flateyri sími 456 7643  
Þingeyri sími 456 8353

**Látið okkur gera tilboð  
í tryggingarnar**

Umboðsskrifstofa okkar á Ísafirði þjónar  
Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Bolungarvík  
og Súðavík, auk nágrannasveitanna



Tryggingafélagið  
**Skandia**

Ísafirði • Sími 456 3766

**EFTIR GÓÐAN DAG Á SKÍÐUM**

**MATARMIKILL HAMBORGARI  
EÐA PYLSA OG KÓK  
AÐ ÓGLEYMDUM ÍSNUM**



**HAMRABORG EHF.**  
HAFNARSTRÆTI 7 • SÍMI 456 3166

# Frægustu bylturnar voru hjá mér og Rússunum

– segir Einar Valur Kristjánsson í skemmtilegu viðtali við Gísla Hjartar

Það þarf varla að kynna Einar Val Kristjánsson fyrir Vestfirðingum. Það þekkja hann allir. Hann hefur kennt við Grunnskólann á Ísafirði lengur heldur en elstu menn muna og tugtað flesta stráka til sem nú eru á aldrinum sex til fimmtugs. Eða öllu heldur tamið þá. Einar Valur er fæddur á Kirkjubóli í Skutulsfirði 16. ágúst 1934 og alinn upp úti á Ísafirði hjá Kristjáni Jónssyni frá Garðstöðum og Sigríði Guðmundsdóttur frá Lundum. Eigin kona hans var Guðrún Eyþórsdóttir, nú látin, og áttu þau fjögur börn saman, þrjá stráka og eina stúlku. Áður hafði Einar eignast strák sem nú býr úti í Kanada og hefur verið þar sl. tíu ár. Einar var og er þekktur skíðakappi og tók m.a. einu sinni þátt í Ólympíuleikunum. Blaðið hitti Einar og spjallaði við hann um forna frægd og fleira. Við gefum honum orðið:



Olympíulið Íslands árið 1956. Einar Valur er lengst til hægri.

## Á bólakaf við Sandskeið

“Þetta mót gekk alveg þrýðilega hjá mér og það voru margir Ísfirðingar þarna. Þetta var að vori til og miklar leysingar á Sandskeiðinu og í kringum Vífilfellid. Það voru þarna skíðamenn sem settu Íslandsmet í 100 metra hlaupi þegar þeir hlupu eftir Sandskeiðinu, því þarna var allt að springa fram af vatnselg. Það var mikill snjór og krap. Jón Karl var á undan mér og við þurftum að fara yfir á sem hafði myndast úr leysingavatninu. Við urðum að safna saman krapni og fleyta okkur á því yfir ána. Jón Karl hafði ýtt krapinu til og það myndaðist kvos í það. Þar fór ég ofan í ána og á bólakaf. Það þurfti aftur að safna saman krapni og Jón Karl fór út á það til að bjarga mér upp úr. Ég varð svo að klifra upp eftir honum til að komast á þurt. Mér varð ekkert kalt. Ullarklæðnaðurinn bjargaði því. Við héldum bara áfram niður í bílana og það var löng leið.

Þetta var mikil ævintýraferð. Ég man að við komum vestur með Esjunni og það var daginn áður en að ég átti að fara í fyrsta



Stund milli stríða árið 1953. Á þessari mynd má m.a. þekkja Bigga Vald., Mörtu Bíbí, Bjössu Helga, Hauk Sigurðs. og Einar Val.

skólanum og þetta síðasta ár og kannski það hafi verið vegna skíðaferðarinnar.

Ég má segja að þetta hafi verið 1951. Eftir það tóku alvöru landsmótin við 1952 og alveg fram til 1960. Þá fótbrotnaði ég og þá hætti ég allri alvarlegri skíðamennsku. Ég var fljótur að ná mér aftur en brotið var opið. Úlfur læknir spengdi það alveg sérlega skemmtilega og vel saman þannig að ég var kominn á ról strax um haustið. Ég var samt að keppa nokkrum árum seinna en það var nú ekki af neinni alvöru.”

## Í Ólympíuliðið

“Ég fór lítið til annara landa til þess að keppa. Það var ekki fyrir en ég lenti í Ólympíuliðinu. Þá var kallað saman lið vorið 1955 á æfingar með austurrískum þjálfara. Hann hét Ottó Rider og var sérlega skemmtilegur maður. Hann lést í flugslysi í Austurríki. Við æfðum suður í Jósefsdal í nokkra daga. Þarna voru bæði æfingar og forkeppni. Þetta gekk svo vel að Ottó vildi fá mig í Ólympíuliðið þegar þar að kæmi. Leikarnir voru í Cortina á Ítalíu 1956 í febrúar. Við héldum út í desember

skömmu fyrir jólin. Við höfðum enga raunverulega æfingu eða útbúnað eins og þekkest í dag. Heldur ekki miðað við aðra keppendur sem voru þarna. Við vorum samt ekki beint sveitð miðað við hina. Þetta var mikil upplifun.

Við fórum út Stefán heitinn Kristjánsson og Eysteinn Þórðarson sem var einn besti skíðamaður okkar á tímabili. Steinþór Jakobsson var úti að æfa: Hann líði fyrir skíðaþróttina og gerir enn. Valdimar Örnólfsson hafði verið út í Frakklandi og hann var líka í liðinu. Vegna þess að Steinþór og Valdimar voru úti voru þeir komnir í hópinn. Ef Björn Helgason, vinur minn, hefði komið suður í Jósefsdal er ég viss um að hann hefði verið valinn í Ólympíuliðið líka.”

## Braðrabylta með Rússum

“Fyrst flugum við frá Reykjavík til Stafangurs í Noregi og gistum þar eina nótt. Þaðan var flogið yfir til Hamborgar í Þýskalandi. Síðan fórum við með lest þaðan suður til Kitzbühel í Austurríki til æfinga. Þar héldum við jólin.

Við tókum þátt í ýmsum undirbúningsmótum fyrir Ólympíuleikana. Meðal annars tókum við þátt í hinna frægu Hahnenkamm (Hanakambur á íslensku) brunkeppni. Við fórum svo seint niður brautina að það var komið frost í hana. Við höfðum verið að æfa í brautinni áður en ekki við þessi skilyrði. Ferðin margfaldaðist gífurlega við þetta. Frægustu bylturnar í brautinni voru hjá mér og Rússunum. Við flugum fram af stóri hengju og flugum tugi metra. Samt komust við niður. Ég lenti svona í miðjum hópi 100 keppenda. Valdimar vinur minn fór út úr brautinni fljótlega og maður vissi bara ekki hvar, hvort hann ætlaði að stytta sér leið eða hvað. Þetta er ein frægasta brunbraut í heiminum í dag. Steini lenti einhverstaðar úti í skógi. Það breyttist svo ferlið þegar sólin lækkaði á lofti.”

## “Túrist, túrist!”

“Við vorum svo heppnir einn daginn að við höfðum farið öðru megin í dalnum með lyftu til þess að vera í þúðursnjó. Það er skemmtilegast að vera í þúðursnjó. Akkúrat þegar við vorum þarna hafði verið keyrt á jógóslavneska stúlku af skíðamanni. Það var talið að það hefði verið einn af okkur sem þetta hefði gert. Við gátum, sem betur fer, sannað að við hefðum verið hinu megin í dalnum. Það var alveg stórkostlegt að vera í þúðursnjónum. Stefán Kristjánsson sagði okkur áætla reglu sem við ættum að nota ef við dyttum á kaf í þúðursnjónum. Sú regla var að lyfta upp skíðastaftum og segja: “Túrist, túrist!” Það mátti nefnilega ekki vitnast við svona kringumstaður að við værum í Ólympíuliðinu.

Þegar svo við fórum til Ítalíu á sjálfa Ólympíuleikana vorum við í samfloti með Svíunum. Þeir voru ansi hressir gaurar. Þegar við komum inn í Cortinabæinn hlóu Svíarnir ógurlega því þeir sáu mann sem greinilega hafði fengið sér vel í staupinu. Sá var einn úr bobbsleðaliði Svía og þeir þekktu hann. Þetta var fyrsti maðurinn sem þeir sáu í sjálfum Ólympíubænum.”

## Ólympíukeppnin í Cortina

“Þarna úti voru náttúrulega allt aðrar aðstæður heldur en hér heima. Það gerðu lyfturnar og kláfarir og allt annað sem þarna

“Þegar ég var strákur á Ísafirði var fjallið fyrir ofan bæinn, Eyrafjallið, leikvangur okkar strákana, uppundir Gleidarhjállann. Þá var ekkert sjónvarpsglápur og sjóppuráp. Maður var bara þarna í fjallinu á skíðum alla daga. Það þótti bara sjálfsagður hlutur að maður væri á skíðum. Okkur fannst þetta gaman og við vorum ekkert endilega að binda okkur við svigið. Við vorum í göngu og stökki. Við vorum mokandi snjó heilu dagana í alls konar pallagerð til þess að fljúga framaf. Þetta byrjaði á tónunum og svo hækkuðum við okkur þegar við stálpúðumst meira og komumst upp í Stóruð. Ég held ég hafi verið 10 ára þegar ég komst uppundir Gleidarhjállann í Stóruðinni. Þetta sögðumst við gera til þess að komast upp í sólina. Hún sást fyrir þar heldur en neðar í fjallinu. Á kvöldin var ekkert verið að huga að útivistartímanum. Við vorum að huga að ýmsum skíðaþrautum á veturna.”

## Verið ekki að sprengja strákinn

“Ég var í Herði og keppti mjög lengi fyrir það félag. Ég keppti fyrst á skíðum fyrir Hörð 12 ára gamall. Þeir voru duglegir Harðverjarnir, Guðmundur Ben, Gullí á pósthúsinu, Högni Þórðar og fleiri og fleiri, að setja upp keppnir og vinna fyrir félagið. Fyrsta keppnin mín var uppi í Stóruð og það var bikar í verðlaun. Keppt var sameiginlega í svigi, göngu og stökki. Þetta þótti merkilegur viðburður. Þá var ekki mikið af mótum og keppnum fyrir krakka. Það byrjaði ekki fyrr en skíðafólkið varð eldra. Mér gekk alveg þrýðilega vel á þessu móti og án þess að vita af því vann ég allar greinarnar og fékk þar af leiðandi flest stigin. Ég fékk lánud stór gönguskíði til að keppa á. Það var stór gönguhringur inn við Skíðavegin. Þegar ég var að ganga á stóru skíðunum heyrði ég þabba gamla kalla: “Hvað er þetta? Verið ekki að sprengja strákinn!” En það var bara hlaupið meðan maður stóð uppi.

Síðan þróaðist skíðamennskan upp í ákveðnar æfingar hjá mér. Við gerðum miklu meira af því þá en nú að leika okkur á skíðum í alls konar þrautum og veseni. Krakkar í dag gera ekki svo mikið af því. Það er allt of mikið um æfingar eftir stundatöflu. Leikur og æfingar fóru saman hjá okkur í þá daga. Þetta var svo gaman.”

## Ráðherrann að þvælast

“Fyrsta utanbæjarmótið sem ég tók þátt í var þegar ég var í efsta bekk Gagnfræðaskólans, 16 eða 17 ára. Við kepptum í Vífilfelli. Þetta var eitthvert mót á vegum ÍR í Reykjavík. Bílarnir komust ekki lengra en upp að Lögbergi og við þurftum að ganga langa leið á mótastadinn. Það var vandratáð þarna upp eftir. Oddur Pétursson, sem var einnig góður svígmaður, en fyrst og fremst göngumaður, var þarna líka. Hann sá einhvern mann fara eitthvað úrleiðis. Hann kallaði: “Heyrðu manni. Hvað ertu að þvælast þarna? Komdu heldur herna á eftir okkur.” Þá var einhver sem sussaði á Odd því þetta var Eysteinn Jónsson ráðherra og formaður Framsóknarflokksins. Hann var á leið upp í Vífilfell. Eysteinn var mikill og þekktur útivistarmaður. Þegar við vorum á leiðinni í bæinn aftur seint um daginn var Eysteinn að tala um það að hann hefði átt að vera mættur í bæinn á fund fyrir tveimur tímum. Hann var svo sem ekkert að stressa sig vegna þess.”

var. Það var töluvert frost þegar við komum en gott veður að öðru leyti. Cortina er sunnantil í Ölpunum og þar var nægur snjór. Ég var með rásnúmer einhvers staðar milli 60 og 70 í sviginu. Ég slappaðist einhvern veginn niður brautina báðar ferðir. Efri helmingur brautarinnar var allur sundur grafinn. Það var allt í lagi fyrir mig. Ég var vanur grafnungunum hér heima á Íslandi. Neðri hluti brautarinnar hefði betur verið vel grafinn. Hann var hins vegar alveg ísi lagður því farið hafði verið með slökkviliðið og það látið sprauta vatni eins hátt og þeir náðu upp í brautirnar. Þetta var gert til þess að halda snjónum betur í brautinni. Þetta olli því að við urðum að brýna kantana á skíðunum á milli ferða. Þetta var eiginlega bara svell sem við vorum að renna okkur á. Það voru 90 hliðir í brautinni en við vorum vanastir 50 til 60 hliðum. Stangimar þá voru öðruvísi en núna. Þetta voru 2ja tómmu birkilurkar sem voru frystir niður. Þeir gáfu ekkert eftir eins og plaststangimar nú og það þýddi ekkert að keyra utan í þá. Stangimar hentu manni frá sér og maður varð að taka beygjumar fyrir þær. Þetta var alveg meiri háttar braut. Það réð víst enginn við meistaram, hinn austuríska Tony Seiler. Hann vann þetta allt. Það var alveg unun að horfa á hann og sjá hve mikið vald hann hafði á sér. Ég endaði númer 37 af um 100 keppendum sem þótti mjög gott. Eysteinn var eitthvað framar eða alveg um 30. Þetta þótti bara alveg bærilegt. Stórvigið gekk ekki alveg eins vel. Keppendur voru í kringum 100 og við urðum heldur aftar í röðinni en í sviginu eða í kringum 50sta seti."

### Sungið í lest

"Í heimferðinni urðum við að sæta lagi til að vera á réttum degi í Hamborg. Við áttum því einhverja aukadaga sem við notuðum til að fara til Feneyja. Maður fylgdi nú hópnum því farastjóramir réðu þessu alveg. Frá Feneyjum var farið með lest upp til Milanó. Menn höfðu það huggulegt og sungu í lestinni. Ég man eftir því að vinur minn Steinþór, sem ekki var sérlega góður söngmaður, söng hátt. Stefán hótaði að fara með hjól í hálsinn á honum til að mýkja upp sönginn. Þetta voru bara Íslendingar. Í Milanó komust við í kynni við Magnús Jónsson sem þá var að læra söng þar. Hann fór með okkur á ýmsa markverða staði, meðal annars á fótboltaleik í Milanó. Um kvöldið fórum við í Scala óperuna. Það var heilmikið ævintýri. Við sáum La Traviata."

### Af þýsku snobbi

"Síðan flugum við um Sviss til Hamborgar þar sem við urðum að bíða í tvo daga til að ná flugi heim í gegnum Noreg. Við höfðum sent allan skíðaútbúnaðinn okkar með lest til Hamborgar á undan okkur. Þegar við fórum að spyrjast fyrir um skíðin á lestarstöðinni, þau hefðu átt að vera komin og voru reyndar komin, hittum við fyrir drambsamann skrifstofumann. Hann vildi lítið sinna okkur en spurði samt hvar við byggjum. Þegar við sögðumst vera á Hótel Reis Hoff sem var eitt finasta hótelið í Hamborg breyttist allt viðmót mannsins og hann varð hinn liprasti og þægilegasti maður. Við fengum síðan skíðin afhent. Þetta var alveg dæmigert þýskt."

### Skemmtilegur félagsandi á skíðunum

"Við fórum oft til Akureyrar að keppa á þessum árum. Einn eftirminnilegasta ferðin var þegar við fórum þangað með varðskípi héðan frá Ísafirði til Skagastrandar í leiðindaveðri."



Frægir skíðakappar. Frá vinstri: Kristinn Ben., Einar Valur, Björn Helgason og Árni Búba.



Frá Ólympíuleikunum í Cortina á Ítalíu 1956. Frá vinstri: Eysteinn Þórðarson, Ottó Rider, hjálfari og Einar Valur.

Síðan fórum við með rútu þaðan til Akureyrar í vondri færð og veðri. Þetta var meiri háttar ferðalag. Menn voru að reyna að sofa svolítið í rútunni sem var gamaldags og ekki með þægileg sæti eins og tíðkast í dag. Menn dinguðu til og frá í veltingnum því það var snjópæfingur og klaki á vegunum. Þetta var nú myrkur mest alla leiðina og við sáum ekkert hvert við vorum að fara. En til Akureyrar komust við. Það var oft og nánast alltaf gaman á þessum skíðamótum. Það var alveg sérlega góður vinskapur sem var á milli allra sem komu á skíðamótin. Það var skemmtilegur félagsandi og góður mórall milli manna."

### Fyrsti Pizzubaksturinn

"Hér heima gerðist margt skemmtilegt. Það var góður andi í skíðafólkinu. Harðarskálinn var næstum óinnréttur og það var reyndar verið að byggja hann þá. Þeir voru aðallega í þessu Danni Sigmunds, Högni Þórðar, Gummi Benediksson og Gulli á pósthúsinu. Við vorum svo að reyna að hjálpa til. Á þessum tíma var búið að stúka af eldhúsið. Eitt sinn vorum við nokkra daga uppi í skála og urðum matarlausir. Við áttum samt hveiti og gátum náð í vatn. Í eldhúsinu var kolaeldavél með hringjum á. Til þess að fá eitthvað að borða síðasta daginn hræðum við hveitið út í vatn, settum svolítið salt útí. Eitthvað lítið var til af smjörliki. Við steiktum hveitikökur á rauðglóandi kolavélinni. Þetta var kannski fyrstu kynni okkar af pizzum, en það var ekkert ofan á þessum pizzum. Hveitikökur þessar voru gulgrænar á litinn og þær áttum við til þess að sedja sárasta hungrið milli æfinga þann daginn og þótti gott. Við fórum svo heim um kvöldið."

### Fékk sér í nefið í brautinni

"Áður fannst mér miklu fleiri taka þátt í mótum en nú. Menn

voru ekki endilega að keppa um fyrstu sætin heldur vildu bara vera með. Það voru fleiri með, bæði í sviginu og göngunni. Einu sinni var Guttormur Sigurbjörnsson, sem var kennari hérna og seinna skattstjóri, orðinn ansi þreyttur í brautinni og var farinn að hæga mikið á sér neðarlega í henni. Þá kallaði Jón Karl til tímavardanna: "Hvernig er þetta? Ætlið þið ekki að fara að rífa af dagatalinu!"

Ég minnst þess einnig að margir þessara eldri keppenda í svigi sem voru með fóru sér endilega ekkert óslega niður brautina. Pétur Pétursson á Grænagarði var einn þeirra og einu sinni stoppaði hann í brautinni og fékk sér í nefið. Það lá ekkert á. Pétur var annars mikill göngumaður. Svona atburðir sitja í manni. Þetta var svo skemmtilegur félagssskapur og allt yfirbragð skemmtilegt."

### Ránið sem kallað var "lánið"

"Á fyrstu árunum í Harðarskálanum var lítið um búáhöld. Eitt sinn vorum við nokkrir saman í skálanum og vantaði búáhöldin. Við fórum því um miðnættið niður Háubrun, þar vorum við kunnugir, og renndum okkur niður að skátahúsinu Valhöll sem enn stendur við veginn fram í Vestfjarðagöngin í Tungudal. Þar vorum við kunnugir innanhúss. Ætlunin var að fá "lánuð" búáhöld upp í Harðarskála. Þá hittist svo á að það var skátaútilega í Valhöll. Allir voru komnir upp á svefnloft og verið var að lesa draugasögu. Einn okkar fór inn um eldhússgluggann til að fá "að láni" og aðrir stóðu vörð. Sá skáttinn sem lá næst loftsgatunni eða skörinni, þorði ekki að segja frá því að hann heyrði þrusk niðri. Hann tengdi þruskið við draugasöguna sem var verið að lesa og hélt að óvættur eða draugur væri í eldhúsinu. Síðan var plappað upp hlífina og upp á Seljalandsdal og búáhöldin notuð til síns brúks. Ég þori ekkert að fullyrða um hvort þeim var nokkurn tíma skífað aftur en það er nú önnur saga."

### Skíðafélagstannburstinn

"Frægasta sagan af Dalnum er auðvitað úr Skíðaskálanum sem nú er uppistandandi. Þessi saga gerðist þegar Magnús Aspelund stundaði skíðin af sem mestu kappi. Hann var formaður Skíðafélagsins á tímabili. Við vorum þarna uppfra nokkrir saman. Magnús átti forláta ferðatannbursta og hafði henn með sér uppeltir. Þegar hann burstaði tennurnar á morgnana var alltaf eins og tannburstinn væri nýnotaður og blautur. Einn morguninn kom Magnús að Samúel Gústafssyni "Silla", þegar hann var að bursta í sér tennurnar með burstanum fræga. Maggi segir: "Hvað, ert þú þú sem notar tannburstann minn?" Þá segir Silli: "Hvað segirðu? Er þetta ekki Skíðafélagstannburstinn?" Ég veit að þessi tannbursti er til enn þann dag í dag heima hjá Magga og hann notar hann enn í ferðlögum sínum. Það er ekkert langt síðan ég sá burstann hjá Magga."

### Frjáls eins og fuglinn fljúgandi

"Svo voru kvöldvökurnar uppi í Skíðaskála á Skíðavíkinni skemmtilegar og eftirminnilegar. Þessar kvöldvökur voru að mestu fjárfélagarleið fyrir Skíðafélagið og uppbyggingunni á Dalnum og voru gríðar vinsælar. Þar komu margir og skemmtu sér og fengu sér neðan í því. Endurvakning Skíðavíkkunnar hefur tekist vel og lofar góðu um langlífi hennar. Það er mikið starf að skipuleggja þetta allt sem er í kringum Skíðavíkuna."

Það að stunda skíði veitir manni mikið sjálfstraust og trú á sjálfan sig. Þegar maður rennir sér á skíðum, eins og fuglinn fljúgandi, er maður alveg frjáls í andanum. Það er engin íþrótt sem kemst í nálægð við skíðaþróttina hvað þetta varðar. Ég vil ráðleggja fólki á öllum aldri að stunda skíði og ekki endilega sem keppnisgrein. Það er alveg sérstök tilfinning að vera úti í náttúrunni á skíðum. Þetta er hollt og gott fyrir alla. Hér er besta skíðaland sem völ er á."

- GUJ.

# Skíðavikan 1996

Ágrip úr dagskrá skíðavikunnar

## Tónleikar í Ísafjarðarkirkju á pálmásunnudag



## 4. apríl

Skvassmót í Studio Dan.  
Skotfimi á skíðum í Engidal.  
Tónlist á skíðasvæðunum.

**Djasskvöld á Hótel Ísafirði.**

Fonduckvöld í Skíðheimum.

## Opnunartími á skíðasvæðinu um páskahelgina 4/4 '96 - 8/4 '96

Fimmtudag ..... kl. 10 - 17.  
Föstudaginn langa ..... kl. 10 - 17.  
Laugardag ..... kl. 10 - 17.  
Páskadag ..... kl. 10 - 17.  
Annar í páskum ..... kl. 10 - 17.

## Allir á skíði!

Bæjarsjóður Ísafjarðar.



## Þyrluflug

Útsýnisflug og skíðaferð ef veður leyfir.

## 3. apríl

Setning í íþróttahúsinu.  
Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri setur hátíðina.  
Magnús Scheving hitar upp.  
Markaður - sölubásar.

**Týrolakvöld á Eyrinni**

Miðnætursund í Sundhöll Ísafjarðar.



## 5. apríl

Furðufatadagur.  
Sælgætisregn.  
Útigrill.  
Megastuð á skíðum.

**Útsýnisferð um Þorpín Þrjú:  
Suðureyri, Flateyri og Þingeyri.**

Gönguferð um eyrina í fylgd farastjóra.



## 6. apríl

Sigling með Fagranesinu og gönguferð á Hornströndum.  
Páskaeggjamót - Mónumótið vinsæla.  
Brettamót.  
Gönguskíðaferð með leiðsögumanni.  
Millarnir og Stefán Hilmar í Sjallanum.

**Edinborgarhúsið:**

Svart og silfrað, leiksýning  
Lítla leikklúbbsins.



## 7. apríl

Páskamessa.  
Garpamótið á skíðum.  
Fjölskyldukvöldverður á Hótel Ísafirði.

**Tjöruhúsið:**

Skíðavikan hin fyrri.  
Ljósmyndasýning Spessa.

## Slunkaríki:

Sýning Tuma Magnússonar.



Sjá nánar dagskrá Skíðaviku og götugauglýsingar.  
Veraldarveturinn: [http://www.snerpa.is/vika\\_96](http://www.snerpa.is/vika_96)

**Löggiltir endurskoðendur  
Vestfjörðum hf.**

Aðalstræti 24 • Sími 456 4066



**Reiknistofa Vestfjarða**  
Eyrargötu • Sími 456 3854

**ÍS SPORT**  
LJÓNINU / SKEIDI / Sími 456 3710 / FAX 456 4454

**Mjólkursamlag  
Ísafjarðar**  
Wardstúni • Sími 456 3251

**RITUR HF.**  
SINDRAGÖTU 7 • Sími 456 3299

**ÍSAFJARÐARLEIÐ**

Sindragata 12 • 400 Ísafjörður  
Símar: 456 4107 / 456 4544



**POLS**

Póls - rafeindavörur • Sími 456 4400

**TryCo**

SKIPAAFGREIÐSLA  
EIMSKIP - JÖKLAR HF  
ADALSTRÆTI 24 • Sími 456 4555

**ÍSFANG HF**  
SUÐURGÖTU • Sími 456 3366

**TRYGGVI GUÐMUNDSON HDL.**  
HAFNARSTRÆTI 1 • Sími 456 3244

**Vitinn**  
ADALSTRÆTI 20 • Sími 456 4408

**LÍFEYRISSJÓÐUR  
VESTFJARÐA**  
BRUNNGÖTU 7 • Sími 456 4233

**TæVa**

Adalstræti 22 • Sími 456 5499  
*Vinur svanga mannsins*

**VÖRVAL**  
Ísafjörður, sími 456 4211  
Hnífsdalur, sími 456 5311  
Bolungarvík, sími 456 7000

**LÖGSÝN EHF.**  
Lögfræðipjónusta  
Aðalstræti 24 • Sími 456 4577

**VÉLSMIÐJA ÍSAFJARÐAR**  
Sími 456 3910

**Verzlunin Þjótur**  
Fjarðarstræti 20 • Sími 456 5059



**HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI  
ÍSAFJARÐAR**

**BÍLALÉIGA**

Njarðarsundi 2 - 400 Ísafjörður  
Jónas Björnsson  
Sími 456 3501 • Heima 456 3482



**MIKIÐ ÚRVAL AF  
ÚTIVISTARFATNAÐI**



**HAFNARBÚÐIN**  
HAFNARHÚSINU ÍSAFIRÐI  
Sími 456 3245

**Mikið úrval af**

**byggjngarefni m.a. timbur,  
spónaplötur, hilluefni og  
sólbekkjaefni.**



Eiríkur og Einar Valur sf.  
Skeiði 3 • Sími 456 4589



# Skíðafélagið eignast galla

Á síðasta ári ákvað stjórn skíðafélagsins að láta verða af því að panta skíðagalla, buxur og úlpu fyrir þá sem æfa hjá félaginu. Ákveðið var að kaupa fatnað af OZON gerð og var það gert í gegnum Sporthlöðuna á Ísafirði. Þetta er mjög vandaður fatnaður. Pantarar voru fyrirfram ákveðnar stærðir og þótt ótrúlegt sé var hægt að uppfylla óskir næstum allra. Skíðafélagið mun standa fyrir skiptimarkaði á fatnaðinum á haustin og með því móti ætti þessi fatnaður að vera í umferð í nokkur ár. Félagið leggur áherslu á að farið sé vel með gallana og ef krakkarnir hætta að æfa þá viljum við helst fá gallana inn á skiptimarkaðinn og selja til annara.

Til þess að ná verðinu niður var samþykkt að selja auglýsingar á fatnaðinum. Það var gert og tókst að selja auglýsingar þannig að hægt var að niðurgreiða fatnaðinn um ca. helming. Við sölu auglýsinganna nutum við mikils stuðning frá fyrirtækjum hér í þenum. Fyrir hönd skíðafélagsins eru færðar þakkir til allra þeirra sem að málinu komu. Eftirtalin fyrirtæki styrktu kaupin á göllumum: Flugfélag Norðurlands, Sporthlaðan - Skátubúðin, Eimskip, Toyota, Ágúst og Flosi, Básafell og Landsbankinn.

# Skíðaferð í Ólympíubrekku-urnar í Lillehammer

Þann annan janúar '96 lögðum við af stað frá Ísafjarðarflugvelli. Ferðinni var heiðið til Noregs í Ólympíubrekkuurnar í Hafjell. Gist var í Keflavík. Við tókum daginn snemma og drifum okkur út í Leifstöð. Þaðan var haldið til Ósló, þegar þangað var komið beið eftir okkur rúta og mikið frost. Við vorum tólf í ferðinni þ.m. tveir þjálfarar, Hafsteinn Sigurðsson þjálfari og Ingvar Einarsson aðstoðarþjálfari og kenndi hann okkur stærðfræði á meðan dvölinni stóð. Við gistum í svokölluðum Hyttum sem byggðar voru fyrir Ólympíuleikana '94. Þær voru hlýlegar og búnar öllum nútíma þægindum m.a. sjónvarpi með mörgum rásum, þar með MTV og Eurosport og sáum við því nokkur Heimsbikarnót á skíðum.

Við gátum rennt okkur frá húsinu sem við bjuggum í og að endastöðinni á lyftunum. Þegar við fórum heim renndum við okkur inn í skóginn, eftir stígum og alla leið að húsinu okkar. Brekkurnar voru æðislegar, níu lyftur. En vegna snjóleysisins voru þær ekki allar opnar. Fyrstu daganna var yfir tuttugu stiga frost en það gerði ekkert til þar sem við gátum skíðað í lyftum ofarlega í fjallinu, en þegar svona mikið frost er þá er minna frost eftir því sem maður fer hærra upp í fjallið. Búið var að framleiða snjó í mest allar Ólympíubrekkuurnar og var enn verið að framleiða snjó eftir að við komum.

Við höfum aldrei verið á skíðum í útlöndum áður og sum okkar hafa ekki farið til útlanda fyrr. Við höfðum heldur aldrei áður skíðað á ílbúnum snjó, en það var meiri-áttar gott færi. Það var fjöggra sæta tólalyfta næstum ný sem við vorum nikið í, hún fór líka rosalega hratt þp brekkuna. Stundum lentum við ókunnu fólki í lyftunni og það var aman að reyna að tala við útlend- gana.

Æfingarlegi hlutinn gekk mjög el fyrir sig og allir tóku mjög miklum framförum. Við æfðum þ.b. 5 klukkustundir á dag. Við þingarnar notuðum við mikið leo, þjálfarinn tókum upp myndir skíðuninni sem við síðan æfðum á og reyndum að læra af. Þannig var tekið video fyrir legi og myndirnar skoðaðar í nvarpi í hádeginu, þá mundi þur vel hvenig maður skíðaði þar maður kom áftur á skíði eftir arhlé.

Þann fimmta degi tókum við okkur dag. Þann dag notuðum við til að fara til Lillehammer þar farið í búðir og slappað af. Og þeir eyddu öll sínum peningum í

þessu búðarrótti þó að ferðin væri einungis hálfnuð. Við ætluðum að fara og skoða ólympíusafnið en það var lokað þann dag sem við komum.

Eftir frídaginn vorum við á skíðum í fimm daga í viðbót. Skíðasvæðið er líka opið á kvöldin, en allar skíðaæfingar hjá okkur voru á daginn en við fórum eitt kvöld á skíði, bara að leika okkur og það var æðislegt.

Við æfðum mest stórsvig, aðeins risasvig og svig. Það var æðislegt að skíða hratt í brekkunum, því að það eru svo margar hæðir sem maður fer fram af og langar brekkur. Það var svolítið erfitt en samt æðislegt.

Þó við hefðum verið í tvær vikur úti erum við ekkert eftir á í skólanum, því við lærðum flest allt í jólafríinu

Ferðin gekk frábærlega vel í alla staði og erum við afar þakklát öllum þeim sem styrktu okkur og hjálpuðu til þess að gera þessa ferð mögulega.

Lillehammerfarar.



## TOSHIBA PRO-DRUM - ÞAÐ ER MÁLIÐ!!

Margverðlaunuð myndbandstæki fyrir þá sem vilja aðeins það besta



Nú getur þú eignast þetta afburðatæki á einstöku tilboðs verði: aðeins kr.

**64.900.-** stgr.

Önnur TOSHIBA myndbandstæki kosta frá kr. 38.610.-stgr.



**Pro-Drum 6-faldur myndhaus:**  
40% færri hlutir en í eldri myndhausum og miklu meiri myndgæði!

Þekkt fagtimarit, sem prófað hafa TOSHIBA gefa þeim einkunnina "Bestu kaupin" og nýja V-705 Nicam Stereo tækið er talið algjör bylting; Nýr 6-faldur, sjálfhrensandi PRO-DRUM myndhaus með 40% færri hlutum en í eldri gerðum • Fjölkerfa (evrópska og ameríska kerfið) • Longplay, tekur upp ó klst. á 3 tíma spólu • Hraðspólu, 110 sek. á 3 tíma spólu • Strafrænn truflanaeyðir • Forritanleg leit • Tengingar fyrir myndbandsstökvél framan á tækinu • 2 Scart tengi • Allar skipanir á skrá og m.m. fleira.



Silfurgötu 5 • Sími 456 3321



**APÓTEK ÍSAFJARÐAR**  
HAFNARSTRÆTI 18 • SÍMI 456 3009



**EFNALAUGIN ALBERT**  
Pollgötu 4 • Sími 456 4670

*Vatnsverjum skíðafatnað*



**FMG**  
FERÐAÞJÓNUSTA  
MARGRÉTAR OG GUDNA  
ÍSAFIRÐI • SÍMI 456 4136

**Arnar Geir Hinriksson hdl.**

Silfurtorgi 1 • Sími: 456 4144

**Einar Halldórsson**  
Traktorgrófur • Sturtuvagn • Fleyghamar  
Sími: 456 4353 • Farsímar: 852 3356  
854 4956 • Símbóði: 845 3356



**Gunnvör hf.**

Eyrargata 2 - 4 • 400 Ísafjörður  
Sími 456 4377

**Barði Önundarson**  
Gröfupjónusta

Hafrafelli • Sími: 456 4747  
Farsímar: 852 0429 - 853 4195

**FROSTI**

Njarðarbraut 1,3,5 • Súðalæk • Sími 456 4911

Gámaþjónusta  
**Hafþórs Halldórssonar ehf.**

Hafraholti 10

Sími 456 4563 • Farsími 856 7723

**Bimbó - Skóhornið**  
**Leikföng - Skófatnaður**  
Aðalstræti 24 - Sími 456 4323

**G. E. Sæmundsson hf.**

Málningarvöruverslun  
Aðalstræti 20 • Sími 456 3047

SÍGGA ÞRÁSTAR




HÁRGREIÐSLUSTOFA  
SÍMI: 456 4442

*Birkir hf.*



Hafnarstræti 8 • Sími 456 3990



**Gistiheimili Aslaugar**  
Austurvegur 7 (Hæstakaupstað)  
Sími 456 3868 - Fax 456 4075



**HRÖNN HF.**  
Sími 456 4077



**Var að taka upp mikið  
úrval af handunni glervöru  
Mikið úrval af römmum  
Sandblæs á gler**

Eina listagalleríið  
á svæðinu

**RAMMAGERÐ**  
**ÍSAFJARÐAR**

MÁNAGATA 6 • SÍMI 456 3041

**Íslandsbanki**  
styður  
**Skíðafélag**  
**Ísafjarðar**

**ÍSLANDBANKI**

# Toppmerkin í skíðabúnaði

**ROSSIGNOL**  
skíði

**MARKEH**

bindingar

**CARRERA**  
gleraugu

**HESTRA**<sup>®</sup>  
hanskar

**JÓFA**  
hjálmar - hlífar

**ROSSIGNOL**  
skíðaskór

**LEKI**  
stafir

**SKÁTABÚÐIN**  
-SKARAR FRAMÚR

Snorrabraut 60 • Sími 561 2045

## H.V. UMBOÐSVERSLUN

SUÐURGÖTU 9 • 400 ÍSAFJÖRÐUR  
SÍMAR 456 4666 456 3207 • FAX 456 4610

**Þjónusta við:**  
Verslanir, fiskvinnslu,  
útgerðir, stofnanir.

## Vesfirskt sjávarloft = tæring

Hjá Massa er notað hið niðsterka og endingargóða Mjallarbón!  
Djúphreinsun frá Massa

### Þú bónar ekki eftir á!

Það er of seint að iðrast þegar tæringarvöldin  
hafa náð tökum á þínum bíl!

### Eða hvað?

Það er hægt að: Bletta í skemmdirnar, massa grunnar rispur úr,  
hreinsa lakkid, líma gúmmilista og fleira.

### MASSI ER KLASSI

Allt sem varðar vörn og hreinsun bifreiðarinnar

### MASSI • Suðurtanga 2

Fastur opnunartími 15 - 19 virka daga, nema föstudaga 13 -17.  
Hægt að fá aðra tíma í síma 456 5196



Fossavatnsgangan á sér 60 ára sögu og telst elsta fjöldaganga á skíðum á Íslandi. Gangan hófst árið 1935 að frumkvæði Ólafs Guðmundssonar í Vélsmíðjunni Þór.

Ávallt hefur verið farin svipuð leið frá Fossavatni eða stutt þaðan, yfir Engidal og Nónhorn, yfir Fellsháls við Rembing, yfir Botnsheiði, á milli Búrfells og Miðfells upp í Gyltuskarð og þaðan yfir Miðfellsháls og niður Seljalandsdal að Skíðheimum alls um 20 km. Árið 1939 var þó gengið frá húsinu Sjónarhæð við Seljalandsveg (ofan við Menntaskólann), og sem leið lá inn í Engidal, þaðan upp að Fossavatni og til baka. Eftir þetta varð 15 ára hlé á göngunni, en 1955 var hún endurvakin og nú hin hefðbundna leið sem og ávallt síðan. Framan af voru oft fáir þátttakendur en upp úr 1970 fer þeim að fjölga, flestir voru þeir árið 1993 eða alls 92 þar af fóru 52, 20 km. Frá upphafi mun gangan hafa verið innanfélagsmót og aðkomumenn keppt sem gestir þar til 1985 þegar því var breytt og Fossavatnsgangan var hluti af Íslandsgöngunni. Árið 1987 var einnig boðið upp á

“hálf” Fossavatnsgöngu 10 km. og 1989 bættist þriðji möguleikinn við 7 km. létt leið “heim brúnir”.

Þeir sem fara 20 km. göngunna fá heitan drykk við Kristjánsbúð. Að göngu lokinni verður verðlaunaafhending og kaffiveitingar í Skíðheimum. Aukaverðlaun verða dregin út úr hópi allra þátttakenda.

Fossavatnsgangan er bæði hugsuð sem keppni og trimmganga. Verðlaun eru veitt fyrir þrjú efstu sætin í öllum flokkum, en allir þátttakendur fá jafnframt þátttökupening. Þátttakendur geta valið um þrjár vegalengdir: 1. Hin eiginlega Fossavatnsganga 20 km. Start er við Vatnahnjúk og farið yfir Fellsháls og Miðfellsháls. 2. “Hálf” Fossavatnsganga 10 km. Start er við Kristjánsbúð á Botnsheiði og farið yfir Miðfellsháls. 3. “Heim brúnir” 7 km. Start er við Kristjánsbúð og farið við Miðfellsfót og um Háubrun. Mark er í öllum tilvikum við Skíðheima. Start er stundvíslega kl. 14.00 í öllum vegalengdum.

Að þessu sinni verður boðið upp á sveitakeppni í 20 km. og 10

km. göngu. Í hverri sveit skulu vera 3 keppendur og geta þeir komið frá sama félagi, fjölskyldu, vinnustað eða skóla. Samanlagður tími keppenda ræður röð sveita. Tilkynna skal til mótstjórnar nafn sveitar og hverjir skipa hana áður en gangan hefst. Ekki þarf að taka tillit til aldursflokka eða kyns, þannig að karlar og konur úr mismunandi aldursflokkum geta myndað eina sveit.

Íslandsgangan er stigakeppni þar sem keppendur ná stigum úr samtals 6 göngum, sem fram fara víðsvegar um landið. En þær eru Strandagangan Hólmavík, Lambaganga Akureyri, Bláfjallagangan Reykjavík, Hólgangan Siglufirði, Fjarðargangan Ólafsfirði og Fossavatnsgangan Ísafirði. Stig eru gefin eftir sætum og reiknast 3 bestu göngumar til úrslita. Fossavatnsgangan er sú sjötta og síðasta í röðinni af göngunum sex í Íslandsgöngunni og ráðast úrslit því hér og verðlaunaafhending fer fram.



# Gjugg í Borg

Spennu beltin og skelltu þér í eftirminnilega helgarferð til Reykjavíkur

FLUGLEIDIR INNANLANDS



Haðu samband við næsta söluaðila Flugleida og fáðu allar upplýsingar um Gjugg í Borg